



Vormót Fjölnis fyrir 11 – 15 ára

Vormót Fjölnis 2024 verður haldið á frjálsíþróttavellinum í Mjódd, ÍR svæðinu þriðjudaginn 4. júní. Keppni hefst kl. 17:30 og stefnt er að því að keppni verði lokið í öllum flokkum um klukkan 20:20.

Keppt verður í flokki 11 ára, 12-13 ára og 14-15 ára hjá piltum og stúlkum. Veitt verða verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í þessum flokkum.

Keppnisgreinar:

60/100 m hlaup (60 m fyrir 11 ára og 100 m fyrir 12-13 ára og 14-15 ára), langstökk, kúluvarp og 600/800 m hlaup (600 m fyrir 11 ára). Drög að tímaseðli eru í mótaforriti FRÍ, [Þór](#)

Fyrirkomulag:

Ekki verða undanrásir í hlaupum. Besti tími gildir til verðlauna. Í köstum og stökkum verða 4 umferðir.

Skráning:

Skráning fer fram í gegnum Netskráningu, netskraning.is.

Skráningu lýkur **mánudaginn 3. júní kl: 20:00**. Tímaseðill er birtur með fyrirvara um breytingar.

Keppnisgjald:

Skráningargjald er 2000 kr á hverja keppnisgrein, hámark 5000 kr á hvern keppanda.

Fyrirkomulag á mótssstað:

Völlurinn og kúluvarpssvæði skilgreint sem keppnissvæði. Þjálfarar og aðstoðarmenn eiga að vanda að halda sig utan keppnissvæðis.

Mótsstjóri: Auður Aðalbjarnardóttir

Yfirdómari: Ágúst Jónsson

Nánari upplýsingar veitir Auður Aðalbjarnardóttir adalbjarnardottir@gmail.com, 8304802 og Ágúst Jónsson, frjalsar@fjolnir.is, sími 8952668.

Frjálsíþróttadeild Fjölnis